

2010



## Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga



Sýningin ***Margt býr í moldinni*** stóð  
frá 2006 til 2010 í Minjahúsinu á Sauðárkróki

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2011

Texti og myndir: Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga,  
Sigríður Sigurðardóttir.

## Efnisyfirlit

<b>Formáli .....</b>	<b>4</b>
<b>Starfsfólk og sjálfbóðaliðar .....</b>	<b>5</b>
<b>Varðveisla, skráning og miðlun .....</b>	<b>5</b>
Heimildaskráning .....	6
Rannsóknaskýrslur .....	7
Greinar .....	8
<b>Samstarf .....</b>	<b>8</b>
<b>Íslensku safnaverðlaunin .....</b>	<b>9</b>
<b>Viðburðir og kynningar .....</b>	<b>9</b>
Lummudagar .....	10
Safnadagurinn .....	10
Jólaljós og rökkurgöngur .....	11
Hvalreki .....	12
<b>Safngestir .....</b>	<b>12</b>
<b>Styrkir .....</b>	<b>13</b>
<b>Fornleifadeild .....</b>	<b>14</b>
Byggðasögurannsóknir .....	14
Skagfírska kirkjurannsóknin .....	15
Björgunarrannsókn í Vík .....	16
<b>Önnur verkefni .....</b>	<b>17</b>
<b>Starfsemi Fornverkaskólans 2010 .....</b>	<b>18</b>
<b>Kynningar .....</b>	<b>18</b>
<b>Heimsókn .....</b>	<b>19</b>
<b>Styrkir .....</b>	<b>19</b>
<b>Námskeið .....</b>	<b>20</b>
Smíði og viðgerðir á gluggum í eldri húsum 5.-7. mars 2010 .....	20
Torphleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum 1.-4. júní 2010 .....	21
Torphleðsla- og grindarsmíði á Tyrfingsstöðum 21.-24. júní 2010 .....	22

## Formáli

Samkvæmt bréfi frá Ferðamálstofu sem dagsett er 22. des. 2010 sögðu 97% erlendra gesta Íslandsferð hafa uppfyllt væntingar. Þriðjungur þeirra nefndi íslenska menningu og sögu. Ef miðað er við upplifun erlendra gesta landsins fyrir áratug síðan hefur orðið breyting á henni og fleiri viðkomustaðir eru í boði þar sem hægt er að kynnast menningu landsins og viðsnúningur hefur orðið í hugsun þeirra sem bjóða gestum menningarferðaþjónustu. Mörg söfn hafa tekið beinan þátt í þeim áfanga og stigið stór skref í átt til atburða- og afþreyingarþjónustu. Skref sem þarf að taka afar varlega svo menn missi ekki sjónar á tilgangi safnastarfsins.

Megin aðráttarafl ferðamanna í Skagafirði er gamli bærinn í Glaumbæ og sýningar og afar vinsæl kaffistofa sem eru á safnsvæðinu. Á árinu var sett á fót upplýsingaver fyrir ferðamenn í Minjahúsinu á Sauðárkróki og fleira sett fram til sýnis en áður, svo sem hvítabjörn sá sem felldur var við Þverárfjalls-veg árið 2008. Gestum Minjahússins fjöldaði um tæp 40% en var á pari milli ára í Glaumbæ.

Rannsóknir safnsins og samstarfsverkefni voru mörg og margvísleg þótt þess gætti að minna fjármagn væri til ráðstöfunar en áður og styrkir dreifust í smáskömmum í margar áttir. Unnið var sem best úr hverri krónu. Hér er stiklað á helstu áföngum í starfsemi safnsins á árinu 2010.

## Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Ellefu launaðir starfsmenn voru við safnið árið 2010 og um 20 sjálfboðaliðar. Verkefnaráðnir sumarsafnverðir voru fjórir háskólanemar og tveir framhaldsskólanemar: Ágúst Sigurjónsson, safnvörður við gæslu, leiðsögn og munaskráningar. Heiðdís Lilja Magnúsdóttir var safnvörður við gæslu og upplýsingaþjónustu í Minjahúsínu. Lilja Rún Bjarnadóttir, safnvörður við gæslu og leiðsögn. Óskar Smári Haraldsson, safnvörður við gæslu og leiðsögn. Pálmi Sigurjónsson, safnvörður við gæslu, leiðsögn og munaskráningar. Róbert Ragnar Guðmundsson, safnvörður við gæslu og leiðsögn. Ársráðnir starfsmenn voru fimm. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga unnu við skráningar og rannsóknir hjá Fornleifadeild. Bryndís er verkefna- og skráningastjóri Fornverkaskólans. Deildarstjóri Fornleifadeilda er Guðný Zoëga. Stefanía Sigurðardóttir er safnvörður við skráningar, gæslu og þrif og Sigríður Sigurðardóttir er safnstjóri.

Margir sjálfboðaliðar komu að starfi safnsins á árinu, misoft og mislengi. Sigrún Fossberg tók á móti skólabörnum og öðrum gestum í Minjahúsínu yfir vetrartímann. Sigríður Magnúsdóttir létti undir með starfsfólk í álagstínum og Kristín Helgadóttir, Sigurður Björnsson, María Helgadóttir, Guðríður Helgadóttir, Jóhann Guðmundsson, Margrét Ingvarsdóttir og Sigmar Jóhannsson gerðu safnadaginn eftirminnilegan.

Mörg störf tengjast safnið beint og óbeint og nægir að nefna starfsfólk í Áskaffi, sem er sérrekin kaffistofa í Áshúsínu við Glaumbæ þar sem safnið leigir út aðstöðu og kemur að ákvörðunum um framboð veitinga, í anda hússins. Margir ferðamenn koma á staði sem bjóða veitingar sem einkenna svæðin sem þeir heimsækja og sá ásetningur að nota Áskaffi til að vekja athygli á þjóðlegum matar- og kaffiboðahefðum hefur aukið hróður staðarins. Áhersla í framboði kaffistofunnar og sú athygli sem vakin er á skagfirsku hráefni hefur sýnt að svæðisbundin matarferðamennska á möguleika fyrir sér. Ferðabókahöfundar og leiðsögumenn hafa löngu uppgötvað sérstöðu Áskaffis, sem hefur fest sig í sessi og er vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

## Varðveisla, skráning og miðlun

Skráðir voru 22 nýir safngripir á árinu. Í aðfangabækur safnsins eru skráðir um 4317 safnmunir, þar ef eru 4297 skráðir í Sarp. Á svokölluðum biðlistum eru skráðir um 800 safnmunir. Hluti þeirra verða skráðir safnmunir í framtíðinni. Miðvikudagskvöldið 24. nóv. afhenti Hjalti Pálsson ritstjóri byggðasafn-inu munasafn sem hann keypti af Kristjáni Runólfssyni safnara árið 2007, með aðstoð Sparisjóðs Skagafjarðar og fleiri aðilja. Í safni Kristjáns eru hátt á þriðja þúsund gripir sem flestir eru úr Skagafirði og margir merkilegir.

Nokkrir munir safnsins höfðu verið geymdir í skemmu á Hólum í Hjaltadal um árabil. Þar á meðal var International dráttarvél ágerð 1930, heyvagn fyrir hest og fleiri hestadráttartæki og verkfæri. Geymslan á Hólum var tæmd

haustið 2010 og fékk safnið inni fyrir þessi tæki í vélageymslu Sigmars Jóhannssonar í Lindarbæ, Sæmundarhlíð.

Sýningar í Glaumbæ voru opnar frá 1. júní til 10. september, alla daga frá kl. 9-18. Sýningar í Minjahúsínu á Sauðárkróki eru opnar frá 10. júní til 21. ágúst, alla daga frá kl. 13-21.

Leiðarvísir um gamla bænum í Glaumbæ var þýddur á hebresku. Fyrir eru leiðarvísar um bæinn á dönsku, ensku, frönsku, hollensku, íslensku, ítölsku, spænsku, sænsku, og þýsku.

Samkvæmt fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2010 lá fyrir að ekki tækist að hafa Minjahússýningar á Sauðárkróki opnar yfir sumartímann. Atvinnu- og ferðamálanefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar fór fram á að safnið kæmi að rekstri upplýsingavers í Minjahúsínu og veitti 1300 þús. kr. til að það gæti orðið. Upplýsingaver og sýningar voru opnuð 10. júní. Opið var alla daga frá kl. 13 til 21 til 20. Viðbrögð við opnunartíma fram á kvöldið voru ekki mikil.



*Hvítabjörninn sem felldur var í júní 2008 var fluttur milli húsa á Aðalgötunni. Úr Náttúrustofu Norðurlands vestra í Gamla barnaskólanum og í sýningarsal Byggðasafnsins í Minjahúsínu. Þar var hann í allt sumar en var fluttur til baka í september.*

### **Heimildaskráning**

Myndabækur voru unnar um eldri sýningar, hús og innbú. Eitt eintak var prentað af hverri bók.

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Við fugl og fisk, sýning í Pakkhúsinu á Hofsósi 1993-2003. Sýningar.*

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Íslenskir munir í Vesturheimi 1999-2000.*  
Heimildaskráning um muni frá Íslandi, sem eru varðveittir í söfnum og í einkaeigu í Manitoba í Canada, Minnesota og Utah í USA. **Munir.**

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Klæðningar og búnaður nokkurra skagfírskra torfbæja á 20. öld. Hús og innbú.* Syðsta-Grund, Hrólfssstaðir, Sólheimar, Tyrfingsstaðir, Vellir, Skarðsá, Ytri-Hofdalir og Víðines.

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Freyjugata 34, Sauðárkróki. Hús og innbú.*

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Bókband, fjölditun og húsbúnaður á Bárustíg 6, Sauðárkróki.* Íbúð og munir.

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Árbakki, Suðurgata 5, Sauðárkróki. Hús og innbú.*

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Hannyrðir Svaðastaða- og Brimneskvenna 1850-1950.* Heimildaskráning um muni, byggð á lokaritgerð Sigrúnar Ingibjargar Arnardóttur í MA-námi í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands (2 eintök). **Munir.**

Sigríður Sigurðardóttir (2010). *Annað land, annað líf. Vesturheimsferðir 1870-1914,* sýning í Vesturfarasetrinu á Hofsósi 1996-2011. **Sýningar.**

### Rannsóknaskýrslur

Útgefnar rannsóknarskýrslur á árinu 2010 voru 10.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2010). *Fornleifa-skráning Húnnavatnshrepps. Auðkúla og Stóridalur.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 101. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2010). *Fornleifa-skráning Húnnavatnshrepps. Sveinsstaðir.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 102. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2010). *Fornleifaskráning Skaga-byggðar. Árbakki og Vindheli.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 103. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2010). *Fornleifaskráning Skaga-byggðar. Njálsstaðir og Pverá í Norðurárdal.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 104. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson (2010). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Ytri-Ey, Eyjarkot, Syðri-Ey og Ytri-Hóll.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 105. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2010). *Fornleifaskráning Skaga-byggðar. Kelduland, Efri- og Neðri-Harrastaðir.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 106. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2010). *Fornleifaskráning Skaga-byggðar. Örlygsstaðir, Hlíð, Kurfur, Hróarsstaðir, Hólmi, Krókur og Krókssel.*

Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 107. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2010). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Mánaskál og Núpur.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 108. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Bakki, Skeggjastaðir, Álfhóll og Fjall.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 109. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2010). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Víkur.* Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 110. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

### **Greinar**

Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2011). Skagfirska kirkjurannsóknin. Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2009-2010.* Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Jan Heinemeier, Jette Arneborg, Niels Lynnerup, Guðmundur Ólafsson og Guðný Zoëga. Dietary reconstruction and reservoir correction of  $^{14}\text{C}$  dates on bones from pagan and early Christian graves from Iceland. *Radiocarbon*, Vol. 52, Nr 2-3, pp. 682-696.

### **Samstarf**

*Byggðasögurannsóknir*, með Sögufélagi Skagfirðinga/Byggðasögu Skagfjarðar. Starfsmenn safnsins taka að sér rannsóknir fyrir Byggðasöguna, einkum fornleifafræðilegar vettvangsrannsóknir, úrvinnslu vettvangsgagna og kortagerð. Sjá greinargerð um **Fornleifadeild** hér aftast.

*Sýningahald og söfnun*, með Sögusetri íslenska hestsins. Sögusetrið fékk muni til sýninga úr söfnunarflokkni muna sem snerta ferðalög og flutninga á hestum. Safn og Setur hafa gert samning um söfnun og varðveislu muna í þeim flokki þannig að starfsmenn beggja safna munum og rannsaka þá, safnið skráir þá og varðveitir en Setrið fær þá til sýninga.

*Miðaldasaga*, með Féluginu Á Sturlungaslóð. Starfsmenn safnsins leggja féluginu lið með vinnuframlagi.

*Sýningarhald*, með Vesturfarasetrinu. Framlengdur var samningur um sýninguna Annað land, annað líf – *Vesturheimsferðir 1870-1914* þar sem fjallað er um ferðalög og búferlaflutninga og sett var upp árið 1996. Sýningargripirnir tilheyra flestir einum megin söfnunarflokkni safnsins, sem er munaflokkur um ferðalög og -búnað. Sýningin verður tekin niður haustið 2011.

*Menningararfur er auðlind.* Byggðasafnið tók að sér 6 eininga (ECTS) námskeið fyrir nemendur í diplómanámi í viðburðastjórnun og 3. árs nemendur í BA námi við Ferðamáladeild Háskólangs á Hólum. Námskeiðið hófst 26. sept.

og var kennt í lotu í þrár vikur. Fjallað var um þætti sem tengjast sögu, minjum og menningarerfðum og gerð grein fyrir menningarlandslagi og minjaheildum, um aðdráttarafl menningararfs og helstu álitamál og kenningar um nýtingu hans í ferðaþjónustu.

*Tyrfingsstaðaverkefnið*, varðveisla menningararfs og menningarerfða, með Fornverkaskólanum. Sjá greinargerð um **Fornverkaskólann** hér aftast.

### Íslensku safnaverðlaunin

Þann 18. maí, á hinum alþjóðlega safnadegi, var tilkynnt um að Byggðasafn Skagfirðinga hefði verið tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna 2010. Félag íslenskra safna og safnmanna ásamt Íslandsdeild ICOM (Alþjóðaráðs safna) standa saman að íslensku safnaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár safni sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr. Auglýst er eftir ábendingum og dómnefnd útnefnir þrjú söfn úr innsendum hugmyndum. Árið 2010 bárust meira en sjötíu ábendingar og voru eftirtalin söfn tilnefnd til Safnaverðlaunanna 2010: Byggðasafn Skagfirðinga - Glaumbær, Heimiliðnaðarsafnið á Blönduósi og Nýlistasafnið í Reykjavík. Verðlaunin voru veitt á Bessastöðum á íslenska safnadaginn, þann 11. júlí. Í umsögn dómnefndar segir: Byggðasafn Skagfirðinga var stofnað 25. maí 1948 og hefur aðsetur sitt í Minjahúsinu á Sauðárkróki og í Glaumbær í Skagafirði. Safnið hefur um árabil verið öflug menningarstofnun, þar sem það hefur rækt lagalega skyldur sínar sem byggðasafn og um leið með öflugri starfsemi tekist á við ótal menningarleg verkefni á starfsvæði sínu. Forsvarsmaður safnsins og starfsmenn þess hafa haft frumkvæði og verið öðrum söfnum víða um land til fyrirmynadar hvað varðar söfnum, varðveislu og skráningu, rannsóknir og miðlun á sviði byggðamennингar. Áhrifin af þessari öflugu starfsemi hefur leitt til þess að faglegur metnaður hefur aukist hjá sambærilegum stofnunum á svæðinu og í sumum tilfellum hefur verið stofnað til nýrra menningarstofnana á borð við Vesturfarasetrið á Hofsósi, sem með fulltingi Byggðasafns Skagfirðinga er orðin öflug miðstöð rannsókna og miðlunar á Vesturheimsferðum Íslendinga á 19. og 20. öld.

Umsögn dómnefndar var: *Dómnefnd telur að Byggðasafnið Skagfirðinga sé eitt af mörgum söfnum Íslands sem hefur sinnt öllum lagalegum skyldum sínum af alúð og ódrepandi áhuga. Með elju sinni hefur það opnað augu Skagfirðinga og annarra fyrir mikilvægi þess að byggðalög eigi sér og annist sín menningarverðmæti og þannig sinnt samfélagslegum skyldum sínum.*

### Viðburðir og kynningar

Byggðasafnið tók þátt í **Atvinnulífssýningunni**, Skagafjörður – Lífsins gæði og gleði, dagana 24. til 25. apríl, ásamt Fornverkaskólanum. Við það tækifæri kynntu margir sér starfsemi safnsins og Fornverkaskólans.

## Lummudagar

Á lummudögum 26. og 27. júní komu 1121 gestir í Minjahúsið að skoða hvítabjörninn og sýningar hússins um leið og þess var notið sem í boði var.



*Myndin sýnir mannfjöldann fyrir utan Minjahúsið á Sauðárkróki að kvöldi lummu-dagsins 26. júní. Þá voru flestir búnir að skoða bangsa. Húsið var opnið frá 13 til 21 og enginn aðgangseyrir tekinn.*

## Safnadagurinn

Sá 11. júlí var viðburðaríkur. Aldrei hafa jafn margir gestir komið í Glaumbæ á einum degi. Sennilega hafa hátt í 1000 manns gengið um gamla bæinn og Minjahúsið þann daginn. 925 voru taldir í Glaumbæ. Þar var boðið upp á erindi um líferni hvítbjarna. Safnstjóri og deildarstjóri fornleifadeilda héldu snemma dags suður á fund forseta Íslands, til að vera viðstaddir þegar íslensku safnaverðlaunin voru afhent. Aðrir starfsmenn safnsins og sjálfboða-liðar tóku á móti gestum í Glaumbæ og buðu fólki að heyra, sjá og smakka ýmislegt sem ekki stendur daglega til boða. Börn brugðu sér í búleik á meðan foreldrar, afar og ömmu klöppuðu gömlum dráttarvélum og ökumönnum og gengu til bæjar. Eigendum dráttarvélanna datt í hug að gaman væri að hittast í Glaumbæ á safnadaginn og taka út árangur viðgerð, a til margra ára, á gömlum dráttarvélum og óku þeir vélum sínum frá Páfastöðum í Glaumbæ, með glæsibrag og hylli áhorfanda. Það er ekki á hverjum degi sem slík glæsitæki koma saman á Langholtinu.

Í bænum var strokkað og boðið upp á nýstrokkað smjör með harðfiski og rúgbrauði. Í baðstofunni hélt Kristín Halla uppi fjörinu með fiðluleik á meðan Guðríður, María, Valdís, Kristín, Margrét og Stefanía sýndu ýmis handbrögð

og aðferðir við að breyta ullarbandi og hrosshári í fallegt handverk. Sigurður Björnsson og Jóhann Guðmundsson tóku nokkrar stemmur.



*Sigmar Jóhannesson í Lindarbæ hóaði saman áhugasömu eigendum gamalla dráttarvéla og mættu 12glansandi vélar í Glaumbæ á safnadaginn. Ökumenn og gestir höfðu greinilega gaman af uppátaekinu. Ekki spillti fyrir að landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason fyrrum skólastjóri bændaskólans á Hólum, var meðal ökumanna.*

### Jólaljós og rökkurgöngur

Laugardaginn 27. nóvember voru sýningarnar í Minjahúsini á Sauðárkróki opnar milli 14 og 17 í tilefni þess að kveikt var á jólatrénu á Kirkjutorgi. KS Skagfirðingabúð, raftækjavarslunin Rafsjá og handverksverslunin Kompan skreyttu hvert sitt jólatré, með sínum hætti, og glöddu gesti hússins. Sigrún Fossberg sagði sögur af Króknum og Blásarasveit Tónlistarskóla Skagafjarðar lék jólalög.

Laugardagana 11. og 12. desember bauð starfsfólk safnsins upp á rökkurgöngur í gamla bæinn í Glaumbæ þar sem við rifjaðar voru upp jólasögur.<sup>1</sup> Áskaffi var opið sömu dagana. Þar var lesið úr nýjum bókum og notaleg stemning að

---

<sup>1</sup> Rökkurgöngur í gamla bæinn hafa verið í boði frá 1995 og yfirleitt hafa þær verið vel sóttar, þar til nú að helmingi færri komu en í fyrra.

hætti hússins. Starfsmaður RÚV var á staðnum og tók upp sögur og fleira og útvarpaði frá rökkurgönguspjalli í Glaumbæ á rás 1 á jóladagsmorgunn.

### Hvalreki

Mynd á forsíðu: Starfsfólk Fornleifadeildar rekst á ýmislegt forvitnilegt við störf sín, yfirleitt er þó um að ræða gömul mannvirki eða gamla muni. Í fjörunni við eyðibýlið Ásbúðir á Skaga ráku þau augun í hval sem rekið hafði á land. Ásbúðir er nyrsti bær í Austur-Húnnavatnssýslu og næsti bær við Hraun á Skaga, í Skagafjarðarsýslu. Haft var samband við Náttúrustofu Norðurlands vestra og Hafrannsóknarstofnun sem töldu, eftir að hafa fengið sendar myndir, að um hval af reyðarhvalaætt væri að ræða, líklega steypireyði. Þau mældu hvalinn og tóku úr honum sýni eins og beðið var um og reyndist hann vera steypireyður, sem er skíðishvalur, um 24 m langur.



*Steypireyður var alþriðuð fyrir veiðum árið 1960 en hún er stærsta dýr jarðarinnar. Beinin af hvalnum voru hreinsuð í hvalstöðinni í Hvalfirði og stefnt var að því að setja beinagrindina saman haustið 2011 og hafa hana til sýnis fyrir almenning en síðast þegar fréttist var ekki búið að finna hús handa henni.*

### Safngestir

Í júlí kannaði Safnaráð upplifun safngesta á ýmsum sýningarstöðum safna og var Minjahúsið einn þessara sýningarstaða. Viðbrögð gesta voru fremur dræm. Könnunin lá frammi, við innganginn, þannig að gestir sáu hana á leiðinni inn og svöruðu henni ótilkvaddir á leiðinni út. Samtals 1958 gestir komu í Minjahúsið á meðan könnunin stóð yfir. Alls svöruðu 30 manns. Þar af svörudu 19 mann öllum spurningunum. Af þeim voru 77% að koma í fyrst sinn í Minjahúsið og flestir á ferð með fjölskyldu eða vinum. Flestir höfðu séð ábendingar um sýningarnar á leið um Krókinn en nær jafnmargir höfðu frétt

af þeim hjá vinum og kunningjum. Flestir lýstu sig ánægða með aðgengi, móttöku og upplýsingar og fékk safnheimsóknin 8,5 í heildareinkunn af 10 mögulegum. Þótt þátttakan hafi ekki verið mikil þá má vel sjá ýmis skilaboð í könnuninni sem starfsfólk safnsins mun nýta sér.

Í sumar komu 5417 manns í Minjahúsið á Sauðárkróki. Af þeim voru 2015 erlendir ferðamenn. Nær helmingur þeirra var í leit að upplýsingum. Gestir í gamla bænum í Glaumbæ voru 29712. Safngestir voru alls 35129. Ótaldir eru gestir sem skoða hús, taka myndir og fá sér kaffi en fara ekki inn á sýningarnar. Talningar undafarinna ára sýna að 15 til 17% gesta haga sér þannig.

### **Styrkir**

Safnið fékk 1800 þús. kr. í rekstrarstyrk úr Safnasjóði, sem var 800 þús. kr. minna en 2009. Umsóknin sem fór frá safninu fyrir árið 2010 var í engu frábrugðin þeirri sem fór árið á undan. Tvær ástæður voru fyrir þessu. Reglur um úthlutanir frá Safnaráði breyttust á milli ára og framlag frá ríki jókst ekki þótt fjölgað hefði styrkhæfum söfnum og setrum, sem sóttu í sjóðinn.

Fornleifasjóður veitti 1 millj. kr. til Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar.

Menningaráð Norðurlands vestra veitti safninu samtals 550 þús. kr. 250.000 til uppgrafta í tengslum við byggðasögurannsóknirnar og hinsvegar 300.000 til skráningar gagna um forna byggð sem aflað hefur verið við byggðasögu-ritunina.

Samband skagfirskra kvenna styrktir safnið um 290 þús. kr., sem var afrakstur af vinnuvöku kvenfélaganna í Skagafirði. Styrkurinn var nýttur til að setja upp ljósbrotsfilmu í Áshúsi til að verja textíl sem þar er til sýnis. Safnið hefur áður notið styrks frá Sambandinu, sem kostaði skáp utan um faldbúning Sigurlaugar frá Ási, sem var gefinn safninu 1999. Þá hefur safnið notið kvenfélagskvenna við söfnun heimilda um menningu og mannlíf í héraðinu, sem verður ómetanlegt efni fyrir komandi kynslóðir.

Samlegðaráhrif samstarfsverkefna eru oft meiri en fólk áttar sig á. Dæmi um það er Fornverkaskólaverkefnið. Tyrfingsstaðaverkefnið er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, ábúenda á Tyrfingsstöðum þeirra Kristínar Jóhannsdóttur og Sigurðar M. Björnssonar, Fornverkaskólans, Helga Sigurðssonar hjá Fornverki ehf. og Braga Skúlasonar húsamíðameistara. Styrkur sem safnið fékk til efniskaupa frá Alþingi, að upphæð 700 þús. kr. veitti möguleika til að afla efnis til námskeiða og viðgerða á Tyrfingsstöðum. Bryndís Zoëga er sá starfsmaður safnsins sem annast umsjón verkefnisins fyrir hönd Byggðasafnsins. Hún er jafnframt verkefnisstjóri Fornverkaskólans, sem er samstarfsverkefni Ferðamáladeildar Hólaskóla, Tréiðnadeildar Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og Byggðasafnsins. Sjá ársskýrslu Fornverkaskólans hér aftast.

## Fornleifadeild

Fornleifadeild Byggðasafnsins rann um áramótin saman við nýtt rannsóknar- og miðlunarsvið og mun hún eftirleiðis verða undirdeild innan sviðsins. Starfsemin 2010 var hinsvegar fjölbreytt að vanda og voru þrír starfsmenn við deildina í fullu starfi. Stærstu rannsóknarverkefni deildarinnar eru Byggðasögurannsóknin, fornleifarannsókn sem unnin er í samstarfi við ritstjóra Byggðasögu Skagafjarðar og Skagfirska kirkjurannsóknin sem miðar að því að staðsetja og rannsaka með fornleifauppgreftri fornar kirkjur og grafreiti í Skagafirði. Þrjú uppgraftarverkefni voru unnin á haustdögum, björgunarrannsókn í Vík í Staðarhreppi og tvær fornleifakannanir fyrir Vegagerðina, í Fnjóskadal og á Vopnafirði. Auk þess var unnið að ýmsum smærri verkefnum svo sem borkjarnatöku til aldursgreiningar minja, mannabeinarannsóknum og kortagerð. Starfsmenn komu einnig að ymissi annarri starfsemi safnsins.

## Byggðasögurannsóknir



*Skyggnst í gröf í kirkjugarðinum á Bjarnastöðum. sjá má heilleg leggja- og mjaðmabein manneskju, líklega konu. Engin kista var greinanleg og var allur umbúnaður grafarinnar með fornnum ummerkjum. Til dæmis hafa hendur líksins legið niður með hliðum sem var alsiða í frumkristni. Grafarþúinn var ekki truflaður frekar, heldur voru beinin hulin á ný. Hinsvegar er nú vitneskja um að þarna hafi fólk verið grafið þrátt fyrir að vitneskjan um það hafi hvergi ratað í heimildir.*

Í sumar voru skoðaðir fimm staðir í tengslum við rannsóknir í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Staðirnir voru Lækur í Viðvíkur sveit, Fornbýli og aðrar tóftir í landi Víðiness í Hjaltadal, fornþýli og kirkjugarður í landi Bjarnastaða í Kolbeinsdal og fornþýli í landi Fjalls í Kolbeinsdal. Á öllum stöðunum komum fram merki um mjög forna byggð. Einhverjar áhugaverðstu niðurstöðurnar voru þó á Bjarnastöðum í Kolbeinsdal þar sem rannsakað var hringlaga óljóst garðlag sem fannst við Byggðasögurannsóknir í Kolbeinsdal 2009. Grunsemadir vöknudu um að um gæti verið að ræða fornan

kirkjugarð og var það staðfest 2010. Á Bjarnastöðum hefur verið kristinn grafreitur sem hefur verið aflagður fyrir 1104. Þetta var í fyrsta skipti sem að Byggðasögurannsóknirnar og Kirkjurannsóknirnar tengdust og verður vonandi framhald þar á. Einnig voru gerð kort og unnar teikningar í V. bindi *Byggðasögunnar* sem kom út á árinu.

### Skagfirska kirkjurannsóknin



*Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðingur við uppgröft að Ysta-Mói í Fljótum. Ysti-Mór er meint landnámsjörð Hrafna-Flóka og fornt höfuðból. Skurðirnir voru hafðir eins litlir og unnt var til að skemma fornleifarnar eins lítið og hægt var. Skurðirnir voru teknir norður-suður þannig að komið var þvert á grafirnar sem liggja austur-vestur. Kæmu fram nokkrar grafr og var ein þeirra grafin upp í heild sinni til að athuga varðveislu beinanna en ástand þeirra segir mikið til um hversu heppilegt rannsóknarefnini garðarnir eru.*

Á fjórum stöðum var fornra kirkjugarða leitað, á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi, Reykjum á Reykjadiski, Bjarnastöðum í Kolbeinsdal og Ysta-Mói í Fljótum. Á tveimur fyrrnefndu stöðunum fundust því miður engir garðar en hinsvegar fundust þar mjög forn byggðamerki. Á Hafsteinsstöðum fundust mannvistarleifar frá því fyrir 1000 og á Reykjum vorum leifar byggðar frá því fyrir 1104. Á Bjarnastöðum hinsvegar, eins og kom fram að ofan, fannst hringлага kirkjugarður 17m í þvermál. Grafirnar tvær sem fram komu í garðinum voru báðar frá því fyrir 1104 en kirkjugarðsveggurinn hefur verið hlaðinn eftir þann tíma. Garðurinn hefur verið aflagður fyrir 1300. Engar heimildir eru um kirkjugarð á Bjarnastöðum eða í Kolbeinsdal yfir höfuð. Þetta er fyrsti garðurinn sem finnst sérstaklega við vettvangsskoðun án þess að einhverjar heimildir liggi til grundvallar. Á Ysta-Mói er hinsvegar vel greinanlegur hringлага garður á yfirborði og þar var heimild fyrir illa förun bænhúsi á síðari hluta 15. aldar. Líkt og á Bjarnastöðum virðist grafreiturinn hafa verið aflagður fyrir 1104 en kirkjugarðsveggurinn hlaðinn eftir þann tíma.

### Björgunarrannsókn í Vík

Í september-október var fjögurra vikna björgunaruppröft á fornleifum í Vík í Staðarhreppi með Minjaverði Norðurlands vestra. Ingibjörg og Sigurður, bændur í Vík, höfðu áætlað byggingu fjóss á haustmánuðum en þar sem sýnt þótti að byggingin kæmi til með að liggja á hluta hins forna bæjarstæðis Víkur var gerð krafa um fornleifarannsókn áður en ráðist yrði í framkvæmdir. Rannsóknin var kostuð af Fornleifarvernd ríkisins og unnu tveir starfsmenn hennar á Sauðárkróki við uppgröftinn í samstarfi við þrjá starfsmenn Fornleifadeildar Byggðasafnsins. Rannsóknin var því eingöngu mönnuð sérfræðingum úr heimabyggð. Greina mátti mannvistarleifar frá því fyrir aldamótin 1000 og til 20. aldar. Bygging hins nýja fjóss, enn ein viðbótin við meira en 1000 ára byggðasögu staðarins, var að mestu lokið fyrir áramót.



*Grafinn upp hluti 14.-17. aldar í veruhúss og rannsókuð ummerki um margvíslega starfsemi í nágrenni þess. Húsið var óvenjulegt að gerð að því leyti að gafl þess var sporöskjulaga og áfast því var afhýsi þar sem veggir voru að hluta gerðir úr grófri jöklumöl í stað torfs. Innan hússins fundust svokallaðir kljásteinar úr vefstað og nokkur fjöldi ofinna klæðisbúta sem benda til að þessi hluti hússins hafi verið nýttur til vefnaðar. Í grjóthlöðnu afhýsi byggingarinnar voru merki um vinnslu matvæla og mögulega járngerð.*

## Önnur verkefni

Einungis fór fram fornleifaskráning tveggja jarða í Skagafirði, Sólheima og Flatatungu í Akrahreppi. Alls voru skráðar 150 minjar á jörðunum tveimur.

Í sumar var þriðja árið sem deildin vann að fornleifaskráningu Skagabyggðar. Alls hafa nú verið skráðar 37 jarðir í sveitarféluginu en þær verða um 50 þegar upp er staðið. Sveitarfélagið verður þá búið að láta skrá allar jarðir innan sinna marka sem verður til þess að heildaryfirlit fæst yfir allar fornleifar innan sveitarfélagsins. Þá er hægt er að gera heildstæðari rannsóknir á byggð og byggðaþróun auk þess sem minjavarsla og forgangsröðun innan hennar verður markvissari.



*Bryndís Zoëga við uppgröft að Skógum í Fnjóskadal. Nauðsynlegt er að fornleifa-skráning og/eða uppgröftur fari fram þegar að stærri framkvæmdir, s.s. vegagerð, eru áförmöðar. Slík verkefni koma oft upp með litlum fyrirvara og verður að vinna þau eins hratt og auðið er. Það þýðir að veður og uppgraftaraðstæður eru ekki alltaf eins og best verður á kosið.*

Haldið var áfram með fornleifaskráningu valinna skógræktarsvæða á Fljóts-dalshéraði. Nokkur hundruð minjar voru skráðar í tengslum við það verkefni.

Tvö verkefni voru unnin fyrir Vegagerðina. Annarsvegar voru það könnunarskurðir í landi Skóga í Fnjóskadal vegna Vaðlaheiðarganga og hinsvegar könnunarskurðir vegna vegagerðar í Vopnafjarðarkauptúni.

## Starfsemi Fornverkaskólans 2010

Verkefnisstjóri Fornverkaskólans er Bryndís Zoëga starfsmaður Byggðasafns Skagfirðinga. Hún var í 30% starfshlutfalli hjá Fornverkaskólum.

Stjórn verkefnisins skipa: Atli Óskarsson, Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Guðrún Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum og Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga.

Kennrarar á námskeiðum Fornverkaskólans voru: Atli Óskarsson, tréiðnadeild Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Björn Björnsson, tréiðnadeild Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Bragi Skúlason, húsasmíðameistari og Helgi Sigurðsson, Fornverki ehf.

Starfsemi Fornverkaskólans var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þrjú námskeið voru haldin 2010; eitt í gluggasmíði, annað í torfhleðslu og á því þriðja var kennd torfhleðsla og grindarsmíði. Alls 16 nemendur sóttu námskeiðin og þar af var einn nemandi að sækja sitt fjórða námskeið. Undirbúningur hófst á Tyrfingsstöðum 22. maí þegar hreinsað var úr búri og hlóðaeldhúsi sem voru námskeiðsefni sumarsins. Í framhaldi af því voru stungnar klómbrur í Tyrfingsstaðalandi en annað efni var skorið í Torfmýri í Blönduhlíð.



*Mynd 1. Búrið fyrir og eftir hreinsun.*

## Kynningar

Fornverkaskólinn tók, í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga, þátt í Atvinnulífsýningunni *Skagafjörður – Lífsins gæði og gleði* 24.-25. apríl. Fjölmargir gestir sýningarinnar stoppuðu við og kynntu sér starfsemi safnsins og Fornverkaskólans. Unnið var í útgáfu kynningaraskilti fyrir ferðamenn á Tyrfingsstöðum en ekki náðist að klára það fyrir lok árs. Skiltið verður sett upp á Tyrfingsstöðum vorið 2011 í samstarfi við ábúendur.

## Heimsókn

Um miðjan júlí heimsóttu 6 nemendur úr landfræðideild Fylkisháskóla Suður Connecticut (e. Southern Connecticut State University) Tyrfingsstaði ásamt kennara sínum. Þar fengu þau fræðslu um gamalt íslenskt byggingahandverk og kynningu á torfi. Áætlað er að hópur frá sama skóla læri torfskurð og – hleðslu hjá Fornverkaskólanum sumarið 2011.



*Mynd 2. Hópurinn framan við framhúsið? á Tyrfingsstöðum 15. júlí 2010.*

## Styrkir

Heildarstyrkir til Fornverkaskólans voru 2.800.000 kr. Við vorúthlutun 2010 veitti Menningarráð Norðurlands vestra 150.000 kr. styrk til þess að halda mætti námskeið í torfhleðslu- og grindarsmíði og í haustúthlutun fékk Fornverkaskólinn 250.000 kr. styrk til þess að halda námskeið í torfhleðslu- og grindarsmíði og að auki til þess að halda Dag torfsins sem ætlaður er til kynningar á gömlu handverki og Fornverkaskólanum. Síðasta úthlutun Þjóðhátiðarsjóðs fór fram 1. desember 2010 og fékk Fornverkaskólinn 400.000 kr. styrk til þess að halda tvö torfhleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum. Sáttmáli til sóknar í skólamálum í Skagafirði veitti styrk upp á 100.000 kr. til verkfæra-kaupa. Jafnframt veitti Akrahreppur 200.000 kr. styrk til uppbyggingar á Tyrfingsstöðum og er þetta þriðja árið sem hreppurinn styrkir Fornverkaskólann. Fornverkaskólinn fékk tvo styrki á árinu frá Menningarráði Norðurlands vestra, annars végar 1.200.000 kr. styrk til Tyrfingsstaðaverkefnisins og hins végar 500.000 kr. styrkur sem ætlaður er til útgáfu ítarefnis um gamalt byggingahandverk í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga og eflingu á erlendu samstarfi. Auk þessara styrkja fengu ábúendur á Tyrfingsstöðum 150.000 kr. styrk til þess að setja upp upplýsingaskilti fyrir ferðamenn.

## Námskeið

### Smíði og viðgerðir á gluggum í eldri húsum 5.-7. mars 2010



*Mynd 3. Farið var yfir viðgerðir á gömlum gluggum. Björn Björnsson leiðbeinir nemanda.*

*Mynd 4. Og nýir smíðaðir. Á myndinni má sjá frumgerð eftir Braga Skúlason, kennara á námskeiðinu.*

Námskeið í smíði og viðgerðum á trégluggum var haldið 5.-7. mars í tréiðna-deild Fjölbraudaskóla Norðurlands vestra og það sóttu 6 nemendur víðsvegar af landinu. Námskeiðið sem var nýtt í kennsluskrá Fornverkaskólans var styrkt af Starfsmenntaráði Félagsmálaráðuneytisins. Kennrarar á námskeiðinu voru Atli Már Óskarsson og Björn Björnsson sem báðir eru trésmíðakennrarar við FNV og Bragi Skúlason, húsasmíðameistari, en hann hefur áður kennt timburviðgerðir og grindarsmíði á námskeiðum Fornverkaskólans. Á námskeiðinu var farið yfir nýsmíði tréglugga af gamalli gerð og var kennd bæði notkun handverkfæra sem og véla. Einnig var farið yfir viðgerðir á gömlum gluggum.



*Mynd 5. Gert við gamlan glugga.*

*Mynd 6. Nemendur ásamt kennurum.*

### Torfhleðslunámskeið á Tyrfingsstöðum 1.-4. júní 2010



*Mynd 7. Unnið af kappi við að snyrta og hlaða vegg.*

*Mynd 8. Strengir skornir saman á neðstu röð grjóthleðslu í suðurvegg búrs.*

Fyrsta torfhleðslunámskeið ársins, en jafnframt 8. torfhleðslunámskeiðið sem Fornverkaskólinn heldur á Tyrfingsstöðum, var haldið dagana 1.-4. júní. Nemendur námskeiðsins voru 5 og þar af var einn að sækja námskeið Fornverkaskólans í 4. skipti. Kennari á námskeiðinu var að vanda Helgi Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistari hjá Fornverki ehf. Á námskeiðinu voru hlaðnir torfveggir í hlóðaeldhúsi og búri auk þess sem byrjað var á austur langvegg bæjarins. Gekk það verkefni vel og voru veggir langt komnir þegar annað námskeið sumarsins hófst. Námskeiðið var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra og Þjóðhátíðarsjóði. Hjordís Gísladóttir frá Vaxtasamningi Norðurlands vestra kynnti sér starfsemi Fornverkaskólans á Tyrfingsstöðum en VaxtarSamningurinn hefur verið einn öflugasti styrktaraðili Fornverkaskólans.



*Mynd 9. Grjót valið í vegghleðslu.*

*Mynd 10. Nemendur á námskeiðinu ásamt kennara.*

### Torfhleðsla- og grindarsmíði á Tyrfingsstöðum 21.-24. júní 2010



*Mynd 11. Hornveggur hlaðinn, grjót og strengur á milli.*

*Mynd 12. Torf komið á þak og strompurinn tilbúinn.*

Dagana 21.-24. júní var haldið námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði. Lokið var við veggi í hlóðaeldhúsi og sett grind og þak á það. Nemendur voru 5 og kennarar á námskeiðinu voru fyrrgreindur Helgi Sigurðsson og Bragi Skúlason húsasmíðameistari. Námskeiðið var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra og Þjóðháttíðarsjóði og kom Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi Norðurlands vestra í heimsókn í Tyrfingstaði en Menningarráð Norðurlands vestra hefur stutt ötullega við bakið á Fornverkaskólanum. Freyja Dögg Frímannsdóttir fréttamaður frá Ríkisútvarpinu kom í heimsókn og tók viðtöl við starfsmenn og nemendur á námskeiðinu sem spiluð voru í Hádegisútvarpinu nokkrum dögum seinna.



*Mynd 13. Hópurinn á splunkunýju þakinu ásamt torfhleðslukennara.*

*Mynd 14. Mænisásinn settur á sinn stað.*